

Mars 2025



Landsáætlun Íslands

um konur, frið og öryggi

2025–2030

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið



Utanríkisráðuneytið

Rauðarárstígur 25 — 105 Reykjavík
545 9900 | utn@utn.is

Útgefandi: Stjórnarráð Íslands
Textavinnsla: Stjórnarráð Íslands

Mars 2025

© 2025 – Utanríkisráðuneytið

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Aukin þátttaka kvenna	6
2. Vernd kvenna og stúlkna	8
3. Kynjasjónarmið í öryggis- og varnarstarfi innanlands	10
4. Innleiðing landsáætlunar	12
Listi yfir aðgerðir í fjórðu landsáætlun Íslands um konur, frið og öryggi	13

Inngangur

Í ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 um konur, frið og öryggi, sem samþykkt var árið 2000, lagði ráðið í fyrsta sinn formlega áherslu á að stríð og átök hefðu mismunandi áhrif á kynin og á mikilvægi þess að konur kæmu að öryggis- og friðarmálum til jafns við karla, í þágu öryggis og friðar. Ísland hefur lagt sig fram um að vinna að framgangi ályktana um konur, frið og öryggi og var meðal fyrstu aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna til að móta eigin landsáætlun um framfylgd ályktunarinnar árið 2008. Leggja stjórnvöld nú fram fjórðu landsáætlun sína fyrir árin 2025–2030.

Framlag Íslands hefur meðal annars falist í kraftmiklu málsvarastarfi á alþjóðavettvangi og stuðningi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagið, alþjóðleg félagasamtök og fleiri aðila sem starfa á þessu sviði. Á Íslandi hefur verið lögð áhersla á fræðslu og kynningu, að jafna kynjahlutföll á sviði friðargæslu og á meðal útsendra starfsmanna Íslands hjá alþjóðastofnunum og samþættingu markmiða ályktunar 1325 við stefnur og áætlanir Íslands á sviði öryggis- og varnarmála, þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar.

Valdefling kvenna og stúlkna og virðing fyrir mannréttindum þeirra um allan heim eru áherslumál í utanríkisstefnu Íslands, þar á meðal stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Í ljósi stöðu jafnréttismála á Íslandi, sem er betri en víðast hvar samkvæmt alþjóðlegum mælikvörðum, er mikilvægt að stjórnvöld miðli af reynslu sinni og leggi lóð sín á vogarskálarnar til að stuðla að auknu jafnrétti hvarvetna. Alþjóðlegt samstarf á þessu sviði, sem og aðgerðir stjórnvalda innanlands¹ styðja við framgang ályktana Öryggisráðsins um konur, frið og öryggi og markmið þessarar áætlunar.

Lögð er áhersla á samþættingu kynjasjónarmiða við öll starfssvið utanríkisþjónustunnar. Í þróunarsamvinnu er um tveimur þriðju hluta framlaga Íslands varið til verkefna sem hafa kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna og stúlkna að markmiði og kynjasjónarmið hafa fengið aukið vægi í loftslags- og umhverfismálum. Þá er efnahagsleg valdefling kvenna og þátttaka þeirra í alþjóðaviðskiptum stór þáttur í stefnu Íslands og síðast en ekki síst hefur Ísland lagt sérstaka áherslu á pólitíska valdeflingu og þátttöku kvenna í stjórnámum og alþjóðapólitísku starfi.

Að undanförunu hefur víða verið vegið að mannréttindum og lýðræðislegum gildum og hefur bakslag í réttindum kvenna og stúlkna verið áberandi þáttur í þessari þróun. Grafið hefur verið undan kyn- og frjösemissréttindum þeirra og stafrænni áreitni og

¹ Um störf utanríkisþjónustunnar að jafnréttismálum er fjallað í árlegri skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis. Áherslur stjórnvalda birtast í ýmsum stefnuskjölum, þ. á m. í framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2025–2028.

ofbeldi jafnvel beitt gegn konum til að draga úr áhrifum og pólitískri þátttöku þeirra. Íslensk stjórnvöld hafa beitt sér með virkum hætti gegn þessu bakslagi á vettvangi alþjóðastofnana og í bandalagi líkt þenkjandi ríkja á sviði kynjajafnréttismála.

Þörfin fyrir öfluga málsvara sem vinna að markmiðum ályktana Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um konur, frið og öryggi er síst minni nú en fyrir aldarfjórðungi þegar fyrsta ályktunin þar að lútandi leit dagsins ljós. Konur fara ekki varhluta af aukningu vopnaðra átaka, óstöðugleika og uppgangi ofbeldisfullrar öfgahyggju sem hafa valdið ómældri þjáningu, hrakið fleira fólk frá heimili sínu og fjölgað þeim sem þurfa á neyðaraðstoð að halda. Afleiðingar loftslagsbreytinga hafa dýpkað vandann enn frekar og nýrri tækni er beitt með margvíslegum hætti til að skapa óreiðu og óvissu innan samfélaga.

Með fjórðu landsáætluninni hyggjast íslensk stjórnvöld áfram leggja lóð sín á vogar-skálarnar við að auka þátttöku kvenna í öryggis- og friðarmálum og stuðla að framgangi ályktana um konur, frið og öryggi fram til ársins 2030.²

Sérstaklega verður horft til þriggja þátta:

- 1 Í fyrsta lagi verður lögð áhersla á öflugt málsvarastarf og þekkingaruppbyggingu á alþjóðavettvangi og stuðning við alþjóðastofnanir og frjáls félagasamtök til að stuðla að aukinni þátttöku og áhrifum kvenna á svæðum þar sem ófriður ríkir í friðarferlum og samfélagslegri uppbyggingu í kjölfar átaka.
- 2 Í öðru lagi verður horft til þess að tryggja vernd kvenna og stúlkna á svæðum þar sem ófriður ríkir, einkum með samþættingu kynjasjónarmiða í mannúðarstarfi og við móttöku flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Einnig verður áfram lögð áhersla á forvarnir og ábyrgðarskyldu vegna kynbundins og kynferðislegs ofbeldis og áreitni sem í ófriði er jafnvel beitt sem vopni.
- 3 Í þriðja lagi verður lögð áhersla á að Ísland gangi á undan með góðu fordæmi með áframhaldandi innleiðingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða í störfum borgaralegra stofnana sem starfa að öryggis- og varnarmálum innanlands, þ.m.t. áframhaldandi markviss innleiðing forvarnar- og viðbragðsáætlunar Stjórnarráðsins gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi (EKKO).

² Utanríkisráðuneytið (UTN) ber ábyrgð á heildarframkvæmd áætlunarinnar en samstarfsaðilar, önnur ráðuneyti og stofnanir bera ábyrgð á einstökum aðgerðum og árangursvísum: Forsætisráðuneytið (FOR), dómsmálaráðuneytið (DMR), félags- og húsnæðismálaráðuneyti (FRN), Ríkislögreglustjóri (RLS), Landhelgisgæslan (LHG), Jafnréttisskóli GRÓ (GRÓ GEST), Alþjóðamálastofnun (AMS), Vinnumálastofnun (VMS)

1. Aukin þátttaka kvenna

Stríð og átök hafa mismunandi áhrif á karla, drengi, konur og stúlkur og því er nauðsynlegt að tryggja að sjónarmið allra kynja séu tekin til greina við stefnumótun og ákvarðanatöku er varða úrlausn átaka og friðaruppbyggingu. Ísland verður áfram kraftmikill málsvari aukinnar þátttöku og áhrifa kvenna í friðarferlum, alþjóðlegu öryggis- og varnarsamstarfi og tilheyrandi stefnumótun og starfsemi á alþjóðavettvangi. Stjórnvöld eiga í góðu samstarfi við stofnanir og líkt þenkjandi ríki á þessu sviði og munu áfram leggja áherslu á samráð og stuðning við grasrótarsamtök sem starfa á svæðum þar sem ófriður ríkir eða friðaruppbygging á sér stað. Þá verður lögð áhersla á að bjóða sérfræðingum frá áttaksvæðum upp á nám í jafnréttisfræðum. Stjórnvöld munu áfram styðja við störf alþjóðastofnana með fjárframlögum, útsendum sérfræðingum og með því að auka þekkingu á mikilvægi þátttöku kvenna í friðarferlum og öryggis- og varnarmálum. Ísland hefur skuldbundið sig til langvarandi stuðnings við varnir og uppbyggingu í Úkraínu og verður hugað að kynjasjónarmiðum í verkefnum og samstarfi þar að lútandi.

Markmið 1: Aukin þátttaka kvenna í friðarferlum og öryggis- og varnarmálum

Áhrif	Aðgerð	Árangursvísir	Ábyrgð
1.1. Þekking á jákvæðum áhrifum kynjajafnréttis og framgangi ályktana um konur, frið og öryggi hefur aukist á svæðum þar sem ófriður ríkir	1.1.1. Menntun sérfræðinga frá svæðum þar sem ófriður ríkir í jafnréttisfræðum, sáttamiðlun og málefnum 1325	1.1.1.1. Árlegur fjöldi nemenda frá svæðum þar sem ófriður ríkir í jafnréttisfræðum GRÓ-GEST	GRÓ GEST
		1.1.1.2. Fjöldi námskeiða og viðburða um konur, frið og öryggi þar á meðal um sáttamiðlun kvenna	GRÓ GEST, AMS
1.2. Aukin þekking og áhersla á konur, frið og öryggi innan alþjóðastofnana	1.2.1. Öflugt málsvarastarf í þágu málefna 1325 á vettvangi alþjóðastofnana	1.2.1.1. Þátttaka í svæðisbundnu og fjölþjóðlegu samstarfi um konur, frið og öryggi	UTN
	1.2.2. Sérfræðingar á sviði 1325 sendir til starfa hjá alþjóðastofnunum	1.2.2.1. Hlutfall útsendra sérfræðinga hjá alþjóðastofnunum sem starfa að málefnum 1325	UTN
	1.2.3. Fræðsla fyrir útsenda sérfræðinga á sviði öryggis- og varnarmála og þróunar- og mannúðarstarfs málefni 1325	1.2.3.1. Hlutfall útsendra sérfræðinga sem fá fræðslu	UTN
	1.2.4. Aukin vitundarvakning meðal karla um mikilvægi þess að kynjasjónarmiða sé gætt á sviði öryggis- og varnarmála, í friðarferlum og friðaruppbyggingu	1.2.4.1. Fjöldi viðburða með áherslu á karla og kynjajafnrétti á sviði öryggis- og varnarmála	UTN
1.3. Aukinn sýnileiki og áhrif kvenna í friðarferlum og friðaruppbyggingu og á sviði öryggis- og varnarmála	1.3.1. Stuðningur og samráð við stofnanir og samtök sem vinna að aukinni þátttöku kvenna þar sem ófriður ríkir, í friðarferlum og uppbyggingu samfélaga að loknum átökum	1.3.1.1. Tillit tekið til þarfa kvenna í stuðningi Íslands við varnir og uppbyggingu í Úkraínu	UTN
		1.3.1.2. Framlög til UN Women, UN DPPA og annarra stofnana sem leggja áherslu á málefni 1325	UTN
		1.3.1.3. Framlög til kvennasamtaka frá svæðum þar sem ófriður ríkir, þar á meðal í gegnum WPHF, samráðsfundir með fulltrúum þeirra, m.a. í tengslum við setu Íslands í mannréttindaráðinu og alþjóðlega fundi, þ.m.t. ráðherrafundi	UTN

2. Vernd kvenna og stúlkna

Talið er að allt að tveir milljarðar manna búi á svæðum þar sem áhrifa af vopnuðum átökum gætir. Þá hefur þeim sem hafa þurft að flýja heimili sitt fjölgað hratt á undanförunum árum og eru nú 123 milljónir. Í þeirri miklu neyð sem ríkir er mikilvægt að sérstökum þörfum kvenna og stúlkna sé mætt, m.a. hvað varðar kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi. Við þessar aðstæður þarf sömuleiðis að tryggja eftir fremsta megni að konur og stúlkur njóti verndar gegn alvarlegum mannréttindabrotum á borð við kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni. Því mun Ísland áfram beita sér fyrir því að kynjasjónarmið séu samþætt mannúðarstarfi, í samræmi við stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og stefnumið í mannúðaraðstoð. Ísland hyggst einnig beita sér á alþjóðavettvangi gegn kynferðisofbeldi í átökum þar sem því er jafnvel beitt vísvitandi sem vopni og leggja sitt af mörkum til að styrkja forvarnir, ábyrgðarskyldu og stuðning við þolendur. Sömu sjónarmið eiga við þegar tekið er á móti konum og stúlkum sem koma til landsins sem flóttamenn eða umsækjendur um alþjóðlega vernd og verður áfram unnið að innleiðingu kynjasjónarmiða þar að lútandi.

Markmið 2: Þörfum kvenna í viðkvæmri stöðu vegna átaka og óstöðugleika sé mætt

Áhrif	Aðgerð	Árangursvísir	Ábyrgð
2.1. Tekið er tillit til kynjasjónarmiða í mannúðarstarfi	2.1.1. Öflugt málsvarastarf á vettvangi alþjóðlegra mannúðarstofnana til að tryggja betri samþættingu kynjasjónarmiða í starfsemi þeirra	2.1.1.1. Málflutningur og eftirfylgni á vettvangi mannúðarstofnana og sjóða sem Ísland styrkir, s.s. OCHA, CERF, WFP, UNHCR, UNRWA og ICRC	UTN
	2.1.2. Stuðningur við stofnanir og verkefni sem miða að innleiðingu kynjasjónarmiða í mannúðarstarf og í málefnum flóttafólks	2.1.2.1. Framlög til UN Women og UNFPA	UTN
2.2. Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni er ekki liðið í alþjóðlegu samstarfi og störfum alþjóðastofnana, þ.m.t. friðargæslu	2.2.1. Málsvarastarf og framlög til verkefna er snúa að forvörnum, vernd og ábyrgðarskyldu vegna kynbundins og kynferðislegs ofbeldis og áreitni í tengslum við átök og óstöðugleika	2.2.1.1. Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi í átökum, framlög til stofnana og verkefna sem styðja forvarnir, ábyrgðarskyldu og aðstoð við þolendur	UTN
	2.2.2. Innleiðing ferla gegn kynbundnu- og kynferðislegu ofbeldi, og áreitni í allt fjölþjóðlegt samstarf Íslands á vettvangi	2.2.2.1. Innleiðing alþjóðlegra viðmiða gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni í þróunarsamvinnu Íslands og fjölþjóðlegri samvinnu á sviði öryggis- og varnarmála, þar á meðal með þjálfun fyrir allt starfsfólk á vettvangi	UTN
2.3. Tekið er tillit til þarfa kvenna og stúlkna sem koma til Íslands sem flóttafólk eða umsækjendur um vernd	2.3.1. Innleiðing kynjasjónarmiða í þjónustu við flóttafólk og umsækjendur um vernd á Íslandi	2.3.1.1. Verklag um kynjasjónarmið í þjónustu við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd hefur verið innleitt í þjónustu VMST	FRN, VMST

3. Kynjasjónarmið í öryggis- og varnarstarfi innanlands

Málsvarastarf Íslands á sviði kynjajafnréttis vegur þyngra en ætla mætti vegna góðrar stöðu jafnréttismála á Íslandi í alþjóðlegum samanburði. Því er mikilvægt að Ísland leitist við að uppfylla ýtrustu kröfur um þátttöku kvenna og samþættingu kynjasjónarmiða í starfsemi og áætlanir ráðuneyta og stofnana á sviði öryggis- og varnarmála. Jöfn kynjahlutföll og aukin þekking og reynsla kvenna af öryggis- og varnarmálum er forsenda þess að þeim sé falið, til jafns við karla, að vera fulltrúar Íslands á þessum sviðum á alþjóðavettvangi. Þá verður lögð áhersla á að gera þátt kvenna sýnilegri til að fjölga fyrirmyndum á þessu sviði á Íslandi og stuðla þannig að aukinni þátttöku og jákvæðu viðhorfi samfélagsins til kvenna í slíkum störfum. Markvissir ferlar gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni eru þegar fyrir hendi innan lykilstofnana á sviði öryggis- og varnarmála og verður áhersla á að tryggja að farið sé eftir þeim í hvívetna.

Markmið 3: Ísland gangi á undan með góðu fordæmi

Áhrif	Aðgerð	Árangursvísir	Ábyrgð
3.1. Jöfn kynjahlutföll hjá ráðuneytum og stofnunum á sviði öryggis- og varnarmála	3.1.1. Ráðstafanir til að stuðla að jöfnum framgangi kvenna og karla innan ráðuneyta og stofnana á sviði öryggis- og varnarmála	3.1.1.1. Hlutfall kvenna í störfum utanríkisráðuneytis og sendiskrifstofa á sviði öryggis- og varnarmála og hjá lykilstofnunum á sviði öryggis- og varnarmála	UTN, RLS, LHG
		3.1.1.2. Kynjahlutföll meðal útsendra fulltrúa í alþjóðlegu löggæslu- og varnarsamstarfi	UTN, RLS, LHG
	3.1.2. Áhersla á aukinn sýnileika kvenna bæði innanlands og í alþjóðlegu samstarfi Íslands á sviði öryggis- og varnarmála	3.1.2.1. Kynjahlutföll í sendinefndum Íslands á sviði öryggis- og varnarmála	UTN
		3.1.2.2. Hlutverk kvenna er sýnilegt í upplýsingamiðlun um varnartengd verkefni	UTN
3.2. Stefnur og áætlanir ráðuneyta og stofnana á sviði öryggis- og varnarmála taka mið af kynjasjónarmiðum	3.2.1. Rýni varnar- og neyðaráætlana innanlands með þarfir kvenna og stúlkna í huga	3.2.1.1. Kynjasjónarmið eru samþætt varnaráætlunum	UTN
		3.2.1.2. Kynjasjónarmið eru samþætt viðbragðs-áætlunum almannavarna	RLS, DMR, FOR
3.3. Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni er ekki líðið innan Stjórnarráðsins og opinberra stofnana	3.3.1. Full innleiðing EKKO-stefnu Stjórnarráðsins hjá ráðuneytum og stofnunum sem starfa á sviði öryggis- og varnarmála	3.3.1.1. Ferlum til að sporna gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni er ávallt fylgt og þeir innleiddir að fullu	UTN, RLS, LHG

4. Innleiðing landsáætlunar

Við móttun landsáætlunar var haft samráð innan Stjórnarráðsins, við samstarfsstofnanir, fræðasamfélagið og frjáls félagasamtök. Utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á heildarframkvæmd áætlunarinnar en önnur ráðuneyti og stofnanir bera ábyrgð á einstökum aðgerðum og árangursvísum.

Utanríkisráðuneytið mun eiga reglubundið samráð við þau ráðuneyti og stofnanir sem eiga hlut að landsáætlun og óska eftir skýrslugjöf um framkvæmd aðgerða sem undir þær heyra. Gerð verður grein fyrir framvindu áætlunarinnar í árlegri skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis og, eftir því sem við á, með alþjóðlegum skýrsluskilum og viðburðum á vettvangi alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að.

Á gildistímanum verður jafnframt leitast við að eiga samráð við frjáls félagasamtök og fræðasamfélagið um framkvæmd áætlunarinnar og kynningu á málefnum sem varða konur, frið og öryggi.

Listi yfir aðgerðir í fjórðu landsáætlun Íslands um konur, frið og öryggi

Markmið I Aukin þátttaka kvenna í friðarferlum og öryggis- og varnarmálum

Aðgerð	Ábyrgð
Menntun sérfræðinga frá svæðum þar sem ófriður ríkir í jafnréttisfræðum, sáttamiðlun og málefnum 1325	GRÓ GEST, AMS
Öflugt málsvarastarf Íslands í þágu málefna 1325 á vettvangi alþjóðastofnana	UTN
Sérfræðingar á sviði 1325 sendir til starfa hjá alþjóðastofnunum	UTN
Fræðsla fyrir útsenda sérfræðinga á sviði öryggis- og varnarmála og þróunar- og mannúðarstarfs málefnum 1325	UTN
Aukin vitundarvakning meðal karla um mikilvægi þess að kynjasjónarmiða sé gætt á sviði öryggis- og varnarmála, í friðarferlum og friðaruppbyggingu	UTN
Stuðningur og samráð við stofnanir og samtök sem vinna að aukinni þátttöku kvenna þar sem ófriður ríkir, í friðarferlum og uppbyggingu samfélaga að lokum átökum	UTN

Markmið II Þörfum kvenna í viðkvæmri stöðu vegna átaka og óstöðugleika sé mætt

Aðgerð	Ábyrgð
Öflugt málefna starf á vettvangi alþjóðlegra mannúðarstofnana til að tryggja betri samþættingu kynjasjónarmiða í starfsemi þeirra	UTN
Stuðningur við stofnanir og verkefni sem miða að innleiðingu kynjasjónarmiða í mannúðarstarf og í málefnum flóttafólks	UTN
Málsvarastarf og framlög til verkefna er snúa að forvörnum, vernd og ábyrgðarskyldu vegna kynbundins og kynferðislegs ofbeldis og áreitni í tengslum við átök og óstöðugleika	UTN
Innleiðing ferla gegn kynbundnu- og kynferðislegu ofbeldi og áreitni í allt alþjóðlegt samstarf Íslands á vettvangi	UTN
Innleiðing kynjasjónarmiða í móttöku flóttafólks og umsækjenda um vernd á Íslandi	FRN, VMST

Markmið III Ísland gangi á undan með góðu fordæmi

Aðgerð	Ábyrgð
Ráðstafanir til að stuðla að jöfnum framgangi kvenna og karla innan ráðuneyta og stofnana á sviði öryggis- og varnarmála	UTN, RLS, LHG
Áhersla á aukin sýnileika kvenna bæði innanlands og í alþjóðlegu samstarfi Íslands á sviði öryggis- og varnarmála	UTN
Rýni varnar- og neyðaráætlana innanlands með þarfir kvenna og stúlkna í huga	UTN, RLS, DMR, FOR
Full innleiðing EKKO-stefnu Stjórnarráðsins hjá ráðuneytum og stofnunum sem starfa á sviði öryggis- og varnarmála	UTN, RLS, LHG

Ályktanir öryggisráðsins um konur, frið og öryggi eru 10 talsins.

- 1 **Ályktun nr. 1325/2000** öryggisráðið viðurkennir í fyrsta sinn sérstöðu kvenna á átakasvæðum og mikilvægi framlags þeirra til friðar.
- 2 **Ályktun nr. 1820/2008** tekur á kynferðisofbeldi gegn konum og stúlkum í vopnuðum átökum. Þá er lögð áhersla á að gerendur séu sóttir til saka.
- 3 **Ályktun nr. 1888/2009** kveður á um að bundinn verði endir á allt kynferðisofbeldi gegn konum og börnum á átakasvæðum.
- 4 **Ályktun nr. 1889/2009** hvetur aðildarríki, SÞ, framlagsríki og borgaraleg samtök til að tryggja kynjajafnrétti og hlutverk kvenna þegar kemur að friðar- og uppbyggingarstarfi.
- 5 **Ályktun nr. 1960/2010** áréttar mikilvægi þess að efla beri aðgerðir gegn kynferðisofbeldi. Einnig er vakin athygli á nauðsyn þess að draga til ábyrgar þá aðila sem gerast sekir um slíka stríðsglæpi, nöfn þeirra verði opinberuð og að refsileysi verði ekki liðið.
- 6 **Ályktun nr. 2106/2013** beinir sjónum að ábyrgð geranda kynferðisofbeldis í átökum og lögð er áhersla á mikilvægi þess að efla pólitíska og efnahagslega þátttöku kvenna.
- 7 **Ályktun nr. 2122/2013** stefnir að því að styrkja stöðu kvenna á öllum stigum friðarferla og leggur áherslu á konur í leiðtogahlutverki.
- 8 **Ályktun nr. 2242/2015** leggur áherslu á hlutverk kvenna í baráttunni við öfgafullar stefnur og hryðjuverk. Einnig er lagt til að öryggisráðið bæti vinnulag varðandi konur, frið og öryggi.
- 9 **Ályktun nr. 2272/2016** fjallar um kynferðislega misnotkun og ofbeldi í friðargæsluaðgerðum.
- 10 **Ályktun nr. 2331/2016** er sú fyrsta þar sem mansal er fordæmt og áhersla lögð á áhrif þess á átök og hvernig það ýtir undir óöryggi.

